

Nú berast ekki iðgjöld af launþega samkvæmt 2. málsg. 5. gr. innan þriggja mánaða frá gjalddaga, og skal hann þá talinn hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

Iðgjöld, sem ekki er skilað til sjóðsins, veita sjóðfélaga ekki lífeyrisréttindi.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Framleiðsluráð landbúnaðarins um, að það annist innheimtu fyrir sjóðinn hjá söluaðilum og öðrum, sem gera eiga skil við hann á iðgjöldum og framlögum samkvæmt þessari grein.

Nú nær samanlagt verð innlagðrar búvöru framleiðanda hjá söluaðila ekki kr. 10 000.00 á árinu 1971, og er þá söluaðilanum heimilt að fella niður iðgjaldsinnheimtu hjá hlutaðeigandi framleiðanda vegna þess árs. Sjóðnum er þó skylt að veita slíku iðgjaldi viðtöku, ef skil eru gerð fyrir árslok 1972.

7. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris eða náð 70 ára aldri, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Telji sjóðstjórn endurgreiðslurétt ótvíræðan og upplýsingar um móttakanda fullnægjandi, skal hún sjá um endurgreiðslu, annað hvort til söluaðila eða beint til iðgjaldsgreiðanda, án þess, að krafa sé gerð. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsg. 3. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

8. gr.

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera $\frac{1}{4}$ þess, sem í 3.—5. gr. segir, helmingur árið 1972 og $\frac{3}{4}$ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 3.—5. gr.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Reykjahlíðar og Voga.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Skútastaðahrepps fer með stjórn hitaveitunnar og kýs þriggja manna hitaveitunefnd sér til ráðuneytis. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Þar til öðru vísi verður ákveðið, fer oddviti (sveitarstjóri) Skútastaðahrepps með störf hitaveitustjóra.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á byggðasvæðinu í Reykjahlíð og Vogum, með þeim takmörkunum, sem um getur í 10. og 12. gr. samnings við eigendur Reykjahlíðar jarðar og 9. og 11. gr. samnings við landeigendur í Vogum.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

4. gr.

Dreifikerfi.

Hreppsnefnd lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu þaðan inn fyrir rennslisemil og telst dreifikerfið ná þangað, og vera eign hitaveitunnar.

5. gr.

Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.

6. gr.

Þeim, sem á húseign við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hreppsnefnd ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta þeim húseigendum, sem hafa fullnægjandi kynditæki, þegar hitaveitan er tengd, í té millihitara endurgjaldslaust, enda hafi þeir ekki átt kost á hitaveitu, þegar kynditækin voru sett upp. Millihitarar eru eign húseigenda og hafa þeir viðhaldsskyldu á þeim.

8. gr.

Bótaskylda hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld vegna ófullnægjandi varmaflutnings í miklum kuldum, rafmagnstrufflana, breytinga á borholum eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hitalögnum innanhúss, enda ber notanda að hafa öryggisventil á hitakerfi sínu.

9. gr.

Nýting.

Notandi skal sjá um að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C til að hlífa holræsalögnum við miklum hitaspennum. Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss.

10. gr.

Varmanotkun.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Hitaveitan ákveður hámark varmaafis til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir, telji hún það nauðsynlegt vegna viðgerða eða annars.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

11. gr.

Umsóknir.

Þeir, sem óska eftir að gerast notendur hitaveitunnar, skulu sækja skriflega um það til hreppsnefndar.

Enn fremur skal húseigandi, sem ætlar að leggja hitakerfi í hús sitt eða breyta eldra kerfi, senda umsókn um það til hitaveitustjóra. Umsókn skal rita á þar til gert eyðublað, sem hitaveitustjóri lætur í té, og skal hún undirrituð af húseiganda eða fullgildum umboðsmanni hans. Umsókn skal fylgja uppdráttur í tveimur eintökum gerðum af sérmenntuðum manni af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni. Uppdrátturinn skal verða á blaði af íslenskri staðalstærð, helzt A2. Hreppsnefnd er heimilt að láta ákvæði síðustu málsgreinar ekki koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1972.

12. gr.

Samþykkt umsókna.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt umsókn, skal hann árita bæði eintök uppdráttar. Annað varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt afhendist umsækjanda. Samþykkt hitaveitustjóra fellir enga ábyrgð á hann varðandi hæfni hitakerfisins.

Áður en verkið hefst, skal viðkomandi meistari rita nafn sitt á eintak hreppsins.

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálstan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan meðan á verki stendur.

Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af eftirlitsmanninum.

14. gr.

Áður en hitaveitan tekur til starfa skal sveitarstjórn semja gjaldskrá fyrir hitaveituna, og fá hana staðfesta af viðkomandi ráðuneyti, samanber 29. gr. laga nr. 58 1967.

Gjaldskráin skal endurskoðuð á 5 ára fresti.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. nóvember 1971.

Nr. 216.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar, staðfestri 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 390.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjaldddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.